

REGLUR

um breytingu á reglum um störf dómnefndar og ráðningar akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri, nr. 258/2016.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „framgangsnefndar“ í 2. mgr. kemur: dómnefndar.
- b. Síðari másl. 2. mgr. breytist og orðast svo: Dómnefnd metur störf umsækjanda í samræmi við reglur nr. 1010/2016 um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri og gerir rökstudda tillögu til rektors um hvort umsækjandi skuli ráðinn ótímabundinni ráðningu.

2. gr.

Í 1. mgr. 5. gr. reglnanna á eftir orðunum „þá að taka afstöðu.“ kemur: Standi atkvæði jöfn skal atkvæði formanns gilda tvöfalt.

3. gr.

Í stað „nr. 747/2012“ í 3. tölul. 8. gr. reglnanna kemur: nr. 1010/2016.

4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru af háskólaráði, eru settar með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum, sbr. einnig 20. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri, nr. 387/2009, öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 16. júní 2021.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

B-deild – Útgáfud.: 6. júlí 2021